

Kæru gestir, kæra Vigdís.

Það er mikill heiður að vera hér í dag.

Ég hef nefnt þetta stutta erindi „Fyrirmynd heillar kynslóðar.“ Þá er ansi mikið sagt en þó ekkert ofsagt. Áhrif Vigdísar Finnbogadóttur á íslenskt samfélag og sérstaklega Íslendinga sem ólust upp á árunum 1980–1996 verða varla ofmetin og þar á meðal auðvitað áhrifin af því þegar Íslendingar vöknudu upp einn júnímorgun árið 1980 og höfðu kosið konu þjóðhöfðingja landsins, fyrsta þjóðin sem gerði það og þó var þessi þjóð alls ekkert sérstaklega framarlega í jafnréttismálum árið 1980 heldur fremur afturbátur nágrannaþjóða.

Þetta voru átaka- og umbreytingatímar. Kvennafrídagurinn í október 1975 hafði ratað í heimsfréttirnar meðal annars vegna hinnar stórkostlegu og miklu þátttöku. Eins voru fóstureyðingar leyfðar með lögum á Íslandi sama ár, meðal annars eftir mikla baráttu Rauðsokkahreyfingarinnar, sem stóðu í stafni í þeim slag og voru fordæmdar af mörgum fyrir. Ég afhenti þeim á dögnum jafnréttisviðurkenningu Jafnréttisráðs fyrir þeirra þátt í þessum mikilvæga sigri.

Á hinn bóginn voru aðeins tíu konur kjörnar á þing frá 1922 til 1978, að meðaltali ein á fimm ára fresti. Þegar Vigdís var að ljúka námi sínu í Frakklandi var engin kona á þingi, eftir kosningarnar 1953. Árið 1979 voru aðeins þrjár konur þingmenn en 57 karlar; engin á landsbyggðinni. Það er í því ljósi sem ber að skoða þennan ótrúlega kosningasigur Vigdísar árið eftir, sigur sem hefði aldrei unnist nema vegna þess hver hún var og hvernig hún hagaði sinni baráttu.

Forsetaembættið var ekki eina starfið sem Vigdís tók að sér að gegna fyrst íslenskra kvenna. Hún hafði líka verið fyrsta konan sem gegndi embætti leikhússtjóra Leikfélags Reykjavíkur. Margir sem kusu árið 1980 þekktu hana líka sem ógleymanlegan frönskukennara á tíma þegar enn voru til þjóðkunnir menntaskólakennarar.

Þrátt fyrir þessa mikla reynslu Vigdísar varð hún eðlilega fyrir mótbyr í kosningunum hjá þjóð sem átti eftir að taka flestum sínum framförum í jafnréttismálum fjallaði sá mótbyr ekki síst um að vera einhleyp og einstæð móðir. Það var mikið spurt um hver ætti þá að vera „og maki“ á Bessastöðum. En öllu þessu svaraði hún af yfirvegum og dýpt sem á endanum skilaði henni flestum atkvæðum í kjörkassann árið 1980 þrátt fyrir að þrír vinsælir og frambærilegir karlar væru einnig í boði.

Allir sem voru uppi á þessum tíma muna þetta forsetakjör og tilfinninguna sem það vakti meðal þjóðarinnar að allt væri hægt. Auðvitað eru margir sem muna kjörið aldrei upp af foreldrum sem studdu einhvern annan en samt fylltust flestallir stolti yfir að Íslendingar hefðu náð að brjóta blað í sögu heimsins. Og Vigdís tókst á ótrúlega skömmum tíma að sameina þjóðina að baki sér, meðal annars vegna þessa þjóðarstolts en líka með því hvernig hún fékkst á við embættið og hversu vel hún naut sín meðal annarra þjóðhöfðingja og við alls konar virðulegar athafnir. Hin almenna afstaða á þeim tíma var að forseti ætti að vera sameiningartákn þjóðarinnar og í Vigdís fann þjóðin fljótlega slíkt sameiningartákn.

Vigdís lagði strax línurnar um hvernig hún vildi móta forsetaembættið. Hún nálgadist verkefni sitt af stillingu og út frá málefnalegum forsendum og hafði þannig góð og jákvæð áhrif á samfélagsumræðuna. Hennar still var aldrei upphrópanir heldur yfirvegum og virðing fyrir viðfangsefninu – kannski kom sér vel reynslan af leikhúsinu þar sem tilfinningar eru iðulega heitar og mikil átök bæði á sviðinu og utan.

Þegar litið er til áhrifa Vigdísar fyrir utan þessi miklu áhrif sem hún hafði á þróun jafnréttismála eru tvö stór mál sem ég tel Vigdís hafa breytt með umræðu sinni og afstöðu. Í fyrsta lagi eru það umhverfismálin. Löngu áður en þau urðu mál málanna var Vigdís Finnbogadóttir farin að tala fyrir hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar; að ekki mætti ganga um of á náttúrulegar auðlindir okkar og við þyrftum að vernda þau verðmæti sem felast í ósnortinni náttúru. Vigdís var kjörin forseti á Ári trésins og hún reyndist frumkvöðull í skógrækt. Vinaskógurinn er í senn fagur staður en líka táknrænn fyrir það hvernig gróandi í umhverfinu skiptir máli fyrir mannleg tengsl. Eftir að Vigdís lét af embætti forseta hefur hún beitt sér enn frekar í þágu umhverfis- og náttúruverndar.

Í öðru lagi hlýt ég að nefna baráttu Vigdísar í þágu menningarlegrar fjölbreytni, ekki síst á sviði tungumála og það er ekki síst á því sviði sem hún hefur unnið mikið starf eftir að hún lét af starfi forseta. Stofnun Vigdísar við Háskóla Íslands heldur nafni hennar á lofti og er miðstöð tungumálakennslu og rannsókna en einnig annarra verkefna á sviði menningarlegrar fjölbreytni. Aftur er það í góðu samræmi við áherslu Vigdísar á mannleg tengsl og samskipti og hversu miklu skiptir að skilja ólíka menningarheima og hefðir.

Vigdís Finnbogadóttir sýndi að sá sem ekki stendur föstum fótum í fortíðinni á ekkert erindi í framtíðina. Þegar hún var kjörin sýndi hún afburða þekkingu á menningu þjóðarinnar og sögu en vísaði um leið veginn til mikilvægustu málefna framtíðarinnar; umhverfisverndar; menningarlegrar fjölbreytni og jafnréttis. Það gerði hún í einu flóknasta embætti íslensks samfélags því forsetinn er ekki pólitískur stjórnandi heldur þjóðhöfðingi sem er bundinn af stjórnarskrá, felur öðrum vald sitt, má ekki ráða sjálfur en allir líta samt til um leiðsögn. Oft gýs upp sú umræða að forsetinn gæti tekið til sín meiri völd ef viðkomandi sýndist svo en á sama tíma sjáum við þá afstöðu birtast í nýlegri skoðanakönnun að mikill meirihluti vill halda embættinu svipuðu og í gildandi stjórnskipan.

En Vigdís skildi embættið afar vel og tókst meistaralega að leiða þjóðina án þess að hafa pólitísk völd og naut um leið mikillar lýðhylli alla sína embættistíð, líka þegar hún hafði verið forseti í ein fimmtán ár. Þar skiptir miklu máli hvernig unga kynslóðin, Vigdísarkynslóðin, sem voru börn og ungmenni þegar Vigdís var kjörin, eða fæddust í kringum kjör hennar, leit til hennar sem fyrirmyndar umfram aðra. Jafnvel þegar Vigdís hafði verið forseti í rúman áratug var hún enn í góðum tengslum við þetta fólk og hugsun þess sem sýnir ef til vill hversu framsækin hún var sjálf í hugsun. Þess vegna þarf líklega ekki að koma á óvart að eftir að Vigdís lét af embætti hefur áfram verið litið til leiðsagnar hennar og það er markvert og segir líklega meira en flest annað um næmni og skilning Vigdísar á hinu stóru samhengi að stóru málin sem hún setti á dagskrá fyrir hartnær 40 árum eru einmitt stærstu mál samtímans. Hún kaus að vera áfram virk í þeirri baráttu og hefur haldið áfram að gera þar mikið gagn.

Ég var sjálf fjögurra ára þegar Vigdís var kjörin og öll mín bernskuár var því sjálfsagt og eðlilegt að kona væri forseti. Það hefur haft ótvíræð áhrif á margar aðrar konur af þessum kynslóðum sem ég nefndi og þær sem síðar hafa komið. Og auðvitað skipti þar miklu máli að eina konan sem hefur verið forseti á Íslandi reyndist farsæl í starfi og var því ekki aðeins fyrirmynd fyrir konur heldur fyrir alla sem vilja vita hvernig forseti skal haga sínum störfum.

En auðvitað voru áhrifin enn meiri fyrir litlar stúlkur. Þegar karlmaður tók við embættinu þegar ég var tvítug spurði mig frænka mín barnung hvort karl gæti orðið forseti; svo rækilega var Vigdís tengd embættinu í hennar huga. Þannig setti hún skýrt mark sitt á þetta embætti.

Ég er ekki í nokkrum vafa um að Vigdís Finnbogadóttir varð fyrirmynd heillar kynslóðar, karla og kvenna. Hugmyndin um að Ísland gæti náð máli í jafnréttismálum, umhverfismálum og á sviði menningarlegrar fjölbreytni varð í raun til með henni. Og ég veit það sjálf að Vigdís hefur verið mín fyrirmynd því ég veit að þó að ferill hennar hafi verið farsæll mátti hún oft mæta mótvindi og gerði það alltaf af reisu.

Áhrif Vigdísar fólust nefnilega ekki aðeins í því að vera kjörin forseti þó að forsetakjörið eitt væri fágæt bylting heldur líka í því hvernig hún gegndi embættinu með sóma í sextán ár, reyndist framsýn í sínum áhersluatriðum og hefur haldið áfram að vera mjög virk og hafa mikil áhrif með sínum málflutningi.

Fyrir það er ég þakklát og ég veit að þjóðin er það líka.